

Greinargerð með fjárhagsáætlun

Endurskoðuð áætlun

Á fimleikaþingi 2020 var fjárhagsáætlun 2021-2022 samþykkt. Ákveðið var að leggja fram endurskoðaða áætlun 2022 í ár þar sem að ýmislegt hefur breyst frá því að áætlunin var gerð í fyrra. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir nær engum rekstrarafgangi á árinu 2022 sem er um milljón lægra en áætlað var. Einnig er gert ráð fyrir tæpum 10 milljónum í rekstrarafgang á árinu 2023.

Skýringar 2021-2022

Styrkir og framlög

Við leggjum upp með að fá sambærilega styrki og á fyrri árum frá ÍSÍ og Lottó og með það að leiðarljósi áætlum við kostnað af afrekssviði. Því er ljóst að ef styrkveiting verður ekki með sama hætti þá þarf að draga úr kostnaði afrekssviðs á mót. Nú höfum við fengið upplýsingar um að FSÍ var veittur styrkur úr Afrekssjóði að upphæð 62.700.000 kr. Fyrir árið 2022 og því hækkar þessi liður í endurskoðaðri áætlun. Við höfum einnig sótt um auka úthlutun úr Afrekssjóði þar sem við förum með fleiri lið en við upprunalega áætlunum. Á árinu 2023 reiknum við samt ekki með að fá hlutfallslega sambærilegan styrk úr Afrekssjóði þar sem EM í hópfimleikum er ekki á dagskrá það ár.

Einnig gerum við ráð fyrir að fá Covid styrk frá ríkinu að upphæð 5 milljónir á árinu 2022 en fyrirkomulag styrkveitinga hefur ekki verið opinberað. Einnig munum við reyna að herja enn frekar á að fá styrktaraðila í samstarf en settum ekki áætlaðann styrk vegna þessa inn í fjárhagsáætlun.

Innlend mót og sýningar

Gert er ráð fyrir að mótatekjur verði töluvert hærri en síðustu 2 ár þar sem að starfið er komið í eðlilegt horf.

Áætluð gjöld eru þó aðeins hærri en undanfarin ár og er það vegna þess að þátttaka á mótum er aðeins dræmari en á mótum fyrir Covid. Það þarf engu að síður álíka mörg dómaragildi og verðlaunakostnaður lækkar ekki þó færri keppi. Einnig er gert ráð fyrir að mótagjöld hækki úr 2.600 líkt í 3.100 kr. eins og kynnt var á formannafundi í febrúar.

Alþjóðleg mót og sýningar

Í samþykktari áætlun voru tekjur vegna áhaldafimleika og hópfimleika töluvert lægri en í endurskoðaðri áætlun. Áætlað er að fara í fleiri erlend verkefni áhaldamegin á árinu 2022 en gert var ráð fyrir og því eru tekjur vegna áhaldafimleika hærri en í samþykktari áætlun. Einnig var ekki reiknað með Norðurlandamóti unglinga í hópfimleikum í samþykktari áætlun, því verkefni hefur nú verið bætt við í endurskoðaða áætlun sem gerir það að verkum að tekjur vegna hópfimleika eru mun hærri þar sem að FSÍ leggur út kostnað og rukkar svo félögin um þann kostnað sem ekki tilkomin vegna dómara eða farastjóra.

Tekjur vegna hópfimleika árið 2023 er hugsanleg sala á myndbandi um Fimleikahringinn.

Gert var ráð fyrir hærri tekjum vegna Fimleika fyrir alla í samþykktari áætlun en í endurskoðaðri áætlun er ekki áætlað að sami fjöldi og gert var ráð fyrir fari á viðburðina í ár.

Á árinu 2022 hækka allir gjaldaliðir þar sem að árið verður mjög umfangsmikið, þ.e. erlend verkefni í áhaldafimleikum, Norðurlandamót unglinga í hópfimleikum, Evrópumót í hópfimleikum, Eurogym og Golden Age.

Annar kostnaður er aðallega hugsanlegur tilfallandi kostnaður á Evrópumóti í hópfirmleikum.

Námskeið og fræðsluefni

Á árinu 2022 verður haldið áfram með innleiðingu á fræðslukerfi. Það er erfitt að áætla eitthvað sem er ekki komið í gang og ákváðum við því að fara varlega í áætlun á sviðinu. Við vonumst til þess að fá tekjur að upp á 4 milljónir í námskeiðum á árinu og að launakostnaður á móti séu um 2 milljónir. Vonandi fer nýja fræðslukerfið vel í gang og skilar okkur tvöföldun á tekjum ári seinna og að þá séu greidd í kringum 4 milljónir í laun.

Jafnframt er stefnt á dómarnámskeið í öllum greinum árið 2022 og ef skráning á námskeiðin verður svipuð og áður þá ættu þau að skila okkur rúmum 4 milljónum og áætlum við að launakostnaður vegna þeirra verði í kringum 2 milljónir.

Með innleiðingu á nýju fræðslukerfi verður til nýr kostnaðarliður sem er kostnaður vegna Canvas. Við reiknum með að það verði um 200 notendur á árinu 2022 og hækki upp í 300 notendur árið 2023. Kostnaður fyrir hvern notanda er 3.000 kr. Þessi kostnaður fellur undir liðin „Tækjaleiga/hugbúnaður“.

Haldið verður áfram í námsefnisgerð vegna „Þjálfara 2“ og „Aðstoðarþjálfara 1 og 2“ á árinu 2022 og því er reiknað með launakostnaði á árinu 2022 vegna námsefnisgerðar upp á tæplega 2,5 milljón.

Leyfiskerfi

Breytingar verða á leyfisgjöldum á haustönn 2022. Breyting verður á á koparleyfisgjöldum, koparleyfi barna sem eru í krílahópum, þ.e. barna 4 ára og yngri lækkar í 800 kr. á önn í stað 1.200 kr., sem samþykkt var á síðasta þingi. Einnig er búið að bæta við ákveðnum fjölda leyfa vegna námskeiða sem haldin eru í 7 vikur eða lengur að upphæð 800 kr. önnina, skv. sömu tillögu sem samþykkt var á þinginu árið 2021.

Einnig verða leyfisgjöld vegna brons- og silfurleyfa hækkuð um 250 kr. á önn og gulleyfi um 100 kr. á önn skv. samþykki stjórnar eftir formannafund í febrúar.

Aðrar tekjur

Liðurinn „Aðrar tekjur“ að upphæð 2,6 milljónir eru hugsaðar fyrir þeim tekjum sem við innheimtum fyrir bókfærðan kostnað sem tilheyrir ekki FSÍ og áætluð félagaskipti.

Fimleika Events ehf.

Áætlað er að nýta fyrirtækið fyrir þau verkefni sem falla utan eðlilegs reksturs FSÍ, eins og vegna erlends mótahalds o.s.frv. Á árinu 2022 er stefnt á að selja stuðningsmannaboli sem færi þá í gegnum fyrirtækið og er áætlað að við fáum 800.000 kr. í tekjur vegna sölu og kostnaðar að upphæð 400.000 kr. á móti.

Á árinu 2023 mun FSÍ sjá um Norðurlandamót í hópfirmleikum og er áætlað að tekjur vegna mótsins verði í kringum 33,5 milljónir og kostnaður um 27 milljónir. Áætlun byggist á smá hækkun á ágóða frá því þegar við höldum mótið síðast árið 2015.

Rekstrargjöld

Áætlað er að rekstrargjöld hækki frá samþykktri áætlun. Áætluð hækkun stafar að megninu til vegna hækkunar á launum og launatengdum gjöldum þar sem að stöðugildum hefur fjölgað innan FSÍ vegna umfangs verkefna. Í áætlun er einnig reiknað með dagpeningum vegna starfsmanna sem fara í ferðir á vegum FSÍ en ekki var áætlað fyrir því í samþykktri áætlun og í áætlun 2021.

Einnig er reiknað með „bókhaldskostnaði“ að upphæð 2 milljónir á árinu 2022 og 1,5 milljón árið 2023. Undir þennan kostnað fellur ekki einungis endurskoðun heldur líka hugsanleg kaup á ráðgjafa.

Annar kostnaður er áætluð þjónustu- og bankagjöld.

Rekstrarafgangur

Líkt og áður kom fram er áætlað að FSÍ verði rekið með nær engum rekstrarafgangi árið 2022 og tæpum 10 milljóna króna rekstrarafgangi á árinu 2022. Ekki var ákveðið að fara í afskriftir þar sem að FSÍ þarf að ná jafnvægi aftur eftir mikið umfang verkefna árin 2021 og 2022.

Fimleikasambandið mun halda áfram að vinna að betrubótum í bókhaldskerfi, sýnileika á gjöldum sambandsins sem og meiri upplýsingagjöf til félaganna um fjárhag þess.

Eva Hrund Gunnarsdóttir

Fjármál

Fimleikasamband Íslands